

Á vængjum hugarflugsins

# Á vængjum hugarflugsins

Hugmyndabanki fyrir starfsfólk leikskóla

Fríða Egilsdóttir



Lokaverkefni lagt fram til fullnaðar B.Ed. gráðu í  
leikskólafræði við Háskóla Íslands,  
Menntavísindasvið

apríl 2009

Lokaverkefni til B.Ed. -prófs

# Á vængjum hugarflugsins

Hugmyndabanki fyrir starfsfólk leikskóla

Fríða Egilsdóttir

260866-3119

Háskóli Íslands  
Menntavísindasvið  
Kennaradeild, leikskólakennarafræði  
Apríl 2009

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	7
Myndlist .....	9
Hugleiðing .....	9
Litir .....	11
Litablöndun .....	11
Leikur að litum .....	12
Falinn litur .....	13
Áferð .....	14
Er þetta mjúkt, hart eða annað? .....	14
Málning og áferð .....	15
Áferð og blöndun .....	16
Fingramálning.....	17
Form og stærðir .....	18
Hvaða form er þetta ? .....	18
Formspil.....	19
Stærðir .....	20
Ýmislegt.....	21
Fínhreyfingar .....	21

## Á vængjum hugarflugsins

Þræða .....	22
Flotkraftur .....	23
Blöndun .....	24
Myndvarpi og blöndun lita .....	25
Sápukúlur .....	26
Klippa .....	27
Sköpun .....	28
Jarðleir .....	29
Tónlist .....	30
Hugleiðing .....	30
Hrynjandi .....	32
Taktur .....	32
Taktur og trommur .....	33
Söngur .....	34
Upphitun .....	34
Sönghúsið .....	35
Söngur og upptaka .....	36
Hljóðgjafar .....	37
Óhefðbundnir hljóðgjafar .....	37
Hljóðgjafar .....	38
Hljóðfæragerð .....	39

## Á vængjum hugarflugsins

Hljóð .....	40
Leitað að hljóðum .....	40
Samstæð hljóð .....	41
Hreyfing .....	42
Tónlist og hreyfing .....	42
Leikræn tjáning .....	43
Hugleiðing .....	43
Upphitun .....	45
Upphaf .....	45
Minnisnafnaleikur .....	46
Traust og samvinna .....	47
Ganga og hlaupa .....	47
Hver ert þú ? .....	48
Speglaleikur .....	49
Látbragð .....	50
Líkamstjáning .....	50
Hvað er í kassanum ? .....	51
Hvaða matur ? .....	52
Kveikjur .....	53
Myndasaga .....	53
Framsögn og framkoma .....	54

Bara ein mínúta.....	54
Tilbúningur .....	55
Kveikjur.....	56
Slökun.....	57
Spenna, slökun.....	57
Líkaminn vill hvíla sig.....	58
Kreppa og teygja .....	59
Eyðublað í myndlist.....	60
Eyðublað í tónlist.....	61
Eyðublað í leikrænni tjáningu .....	62
Lokaorð .....	63
Heimildaskrá .....	64

## **Inngangur**

Kennarar í leikskóla er jafn ólíkir og þeir eru margir. Þekking á þroska barna er misjöfn og tilgangur og markmið í starfinu eru ekki alltaf skýr fyrir starfsfólki. Er ég hóf sjálf störf í leikskóla fyrir allmörgum árum gerði ég mér ekki alveg grein fyrir mínu hlutverki sem kennara né þroskaframvindu barnanna. Þegar kom að listum í ýmsu formi líkt og myndlist, tónlist eða leikrænni tjáningu sé ég nú þegar litið er um öxl að börnin fengu litlu sem engu ráðið sjálf, voru langt frá því að vera virk í eigin námi. Yfirleitt voru lögð of erfið verkefni fyrir þau, helst áttu þau að gera verkefnin eins lík raunveruleikanum og hægt var. Vissulega var sköpunargleðin fyrir hendi hjá börnunum en fljótlega var sköpunargleðini beint á „hinn eina rétta veg“ þ.e.a.s. leiðbeinandans. En hvað er til ráða? Jú, fræðsla og endurmenntun er eina rétta svarið. Vegna þessa sem áður hefur verið talið upp fannst mér tilvalið að setja upp hugmyndabanka sem vonandi yrði kveikja og fræðsla bæði fyrir kennara leikskóla sem og aðra uppalendur.

Hugmyndabanki þessi er hugsaður fyrst og fremst eins og nafnið bendir til að kveikja hugmyndir að verkefnum með börnum í starfi. Að sjálfsögðu er hægt að breyta, taka út og bæta við sem hentar hverju sinni. Hugmyndabankanum er skipt upp í þrjá meginflokka; myndlist, tónlist og leikræna tjáningu. Hafa ber í huga að hugmyndabankinn er langt í frá tæmandi en er það von mín að hann megi dafna og stækka um komandi tíð. Gerum börnunum kleift að skapa á sínum forsendum svo að sköpunargáfa þeirra fái að blómstra og dafna sem aldrei fyrr.

## Myndlist

### Hugleiðing

Myndlist er mjög fjölbreytileg og með sanni má segja að ekkert sé rétt eða rangt þegar sú list er iðkuð. Nauðsynlegt er að vera með opin huga og börnin fá að kanna og prufa sig áfram. Áður en haldið er af stað í myndlistarverkefni er góð regla að hafa allt við höndina sem þarf svo sem hlífðarfatnað, efnivið og aðstæður sem henta til verksins. Skipulagning er yfirleitt af hinu góða en stundum þróast verkefni þannig að skipulagið riðlast. Ekki ætti að líta á það sem neikvæðann þátt heldur fagna því og aðlaga sig að breyttum aðstæðum og fagna nýjum leiðum sem opnast.

Þessum kafla er skipt upp í nokkra undirkafla svo sem litir, áferð, form og stærðir og ýmislegt. Hver tillaga er sett þannig upp að markmið kemur fyrst en hafa ber í huga að markmiðin geta breyst á meðan unnið er með börnunum. Síðan er talið upp hvaða efnivið er æskilegt að hafa við höndina.

Svo er aðferðin sjálf við að útfæra verkefnið. Þó svo að hún hafi endað á blaði er ekki þar með sagt að hún henti öllum börnum eða aðstæðum svo það er um að gera að aðlaga sig stað og stund. Að lokum koma síðan tillögur um útfærslur ef við eiga. Hér er tilvalið að virkja ímyndunaraflið bæði hjá hinum fullorðnu sem og börnunum.

Hugmyndir þær er hér eru fram færðar eru úr hugarheimi höfundar og hafa allar verið framkvæmdar í starfi með börnum í leikskólastarfinu. Aldur er ekki tilgreindur þar sem yfirleitt er hægt að aðlaga allar hugmyndirnar að aldri og þroska þeirra barna sem unnið er með hverju sinni.

## **Litir**

### **Litablöndun**

#### **Markmið:**

Börnin kynnast litablöndun og hvernig hægt er að vinna út frá frumlitunum, gulum, rauðum og bláum.

#### **Efniviður:**

Máling í frumlitum, litlar skálar eða lok af skyrdósum, penslar eða teskeiðar.

#### **Aðferð:**

Hvert barn fær sinn skammt af málingu þ.e.a.s. gula, rauða og bláa. Barnið tekur síðan t.d. svolitla gula og rauða málningu, setur í litlar skálar eða skyrlokin og blandar annað hvort með fingrunum eða penslum. Barnið prufar sig áfram og kannar hinar ýmsu litasamsetningar.

#### **Úfærsla:**

Einnig er hægt að nota vatn og matarliti í stað málningar. En

Á vængjum hugarflugsins

líklega er þá betra að notast við pensla eða álíka til að blanda litunum saman vegna þess að matarlitir lita hendurnar.

## **Leikur að litum**

### **Markmið:**

Skoða hvernig litir blandast saman í vatni.

### **Efniviður:**

Glærar skálar/box, vatn og kreppappír í ýmsum litum.

### **Aðferð:**

Börnin setja vatn í skálarnar eða boxin, rífa niður smá kreppappír og setja út í vatnið. Þau gera tilraunir með að blanda saman ýmsum litum.

### **Úfærsla:**

Einnig er hægt nýta kreppappírinn þegar búíð er að bleyta hann og nýta sem lit, þ.e.a.s. lita á pappír.

Á vængjum hugarflugsins

## **Falinn litur**

### **Markmið:**

Að börnin pari saman liti, æfa litahugtök.

### **Efniviður:**

Litríkt umhverfi, pappírsarkir í ýmsum litum.

### **Aðferð:**

Kennari sýnir pappírsörk t.d. gula, biður börnin að nefna lit hennar. Hvert barn fær sína örku og fær þau fyrirmæli að finna hliðstæða liti sem eru í umhverfinu.

### **Útfærsla:**

Tilvalið er að útfæra þennan leik út í náttúrunni þar sem bæði er hægt að notast við blóm, hús, himinn og haf o.s.frv.

## Áferð

### **Er þetta mjúkt, hart eða annað?**

#### **Markmið:**

Börnin upplifi mismunandi áferð svo sem mjúkt, hart, hrjúft o.s.frv.

#### **Efniviður:**

Allt sem tilfellur og hægt er að nota svo sem bómull, steina, sandpappír, ávexti ofl.

#### **Aðferð:**

Börnin handfjatla hinn ólíka efnivið og setja sín orð yfir hlutinn.

#### **Útfærsla:**

Með eldri börnum er hægt að nota augnbindi en þannig þurfa þau eingöngu að treysta á snertiskynið.

## **Málning og áferð**

#### **Markmið:**

Börnin gera tilraunir með mismunandi áferðir í tengslum við málningu.

#### **Efniviður:**

Pappír, dósir, penslar, málning, flórsykur, haframjöl, kókosmjöl, salt, sykur, hrísgrjón ofl.

#### **Aðferð:**

Börnin blanda t.d. flórsykri út í málninguna og mála á pappír. Kanna hvað er þykkt, hvað er kekkjótt o.s.frv.

**Útfærsla:** Einnig er hægt að færa þessa vinnu út í náttúrunna. Notaðu þá vatn úr drullupollum og nýta þann efnivið sem tilfellur svo sem sand, steina, gras, blóm o.s.frv.



## Áferð og blöndun

### Markmið:

Blöndun efna og áferð könnuð.

### Efniviður:

Flórsykur, kakó, vatn, pappír ef vill.

### Aðferð:

Börnin blanda saman kakó, flórsykri og vatni. Tilvalið er að nota borð við þessa iðju. Hægt er að teikna með blöndunni ef vill beint á borðið.

### Útfærsla:

Ef börnin vilja er hægt að þrykkja myndinni af flórsykur/kakóblöndunni yfir á pappaspjald. Þegar blandan hefur þornað á pappaspjaldinu er hægt að bera saman breytinguna á áferð blöndunnar.

## Fingramálning

### Markmið:

Börnin útbúi málningu og blanda sína liti, kanni áferð.

### Efniviður:

2 matskeiðar af sykri, 1/3 bolli maisenmjöl(kornsterkja), 2 bollar kalt vatn, 1/4 bolli glær uppþvottalögur, matarlitir.

### Aðferð:

Blandið saman sykri og kornsterkju í litlum potti, bætið smám saman við vatni. Hitið við lágan hita og hrærið þar til blandan verður jöfn, næstum gegnsætt gel (ca. 5 mínútur). Þegar blandan hefur kólnað, hrærið þá uppþvottalegi. saman við Skiptið blöndunni jafnt í box og bætið við mismunandi vistvænum matarlit.

### Útfærsla:

Hægt er að nota borð til að mála með fingramálningunni en einnig er hægt að mála á frekar stífan pappír.

## **Form og stærðir**

### **Hvaða form er þetta ?**

#### **Markmið:**

Að börnin kynnist ólíkum formum.

#### **Efniviður:**

Útprentuð form svo sem hringur, þríhyrningur, ferhyrningur ofl.

Umhverfi þar sem álíka form er að finna.

#### **Aðferð:**

Hvert barn fær mynd af formi sem það á að finna hliðstæðu í umhverfinu. Barnið færi t.d. mynd af hring og hliðstæðan væri t.d. klukka.

#### **Útfærsla:**

Hægt að útfæra í náttúrunni með náttúruleg form t.d. steina en einnig horfa til húsa, girðinga ofl.

## **Formspil**

#### **Markmið:**

Börnin kynnist hinum ólíku formum svo sem hring, ferhyrning ofl.

#### **Efniviður:**

Útprentuð form límd á stífann pappa.

#### **Aðferð:**

Spilað líkt og minnispil, tvær myndir af hverju formi settar á hvolf á borð og markmiðið er að finna tvær samstæður.

#### **Útfærsla:**

Fyrir yngri börn er hægt að snúa öllum spjöldunum upp og kennari sýnir eitt spjald t.d. mynd af þríhyrningi og börnin finni samsvarandi spjald.

## Stærðir

### Markmið:

Að börnin læri hugtök svo sem stór, lítill.

### Efniviður:

Prentuð einföld form eða myndir t.d. af boltum, bílum, húsum ofl. í mismunandi stærðarhlutföllum.

### Aðferð:

Blöðunum dreift á gólfið eða borð. Kennari biður börnin að finna minnsta boltann, eða stærsta boltann. Sýnir yngri börnum myndina.

### Útfærsla:

Hægt er að fara í svipaða leiki úti, leika með efnivið sem hægt er að finna í náttúrunni svo sem steina, spýtur, blóm ofl.

## Ýmislegt

## Fínhreyfingar

### Markmið:

Æfa fínhyfingar.

### Efniviður:

Pappír, blýantur, lím, baunir, hnetur eða álíka.

### Aðferð:

Börnin teikna mynd, bera lím ofan í línurnar og að lokum setja baunir, hnetur eða álíka ofan í límröndina.

### Útfærsla:

Hægt er að útfæra þetta einnig t.d. á dósir, dósaloð ofl.

Á vængjum hugarflugsins

## **Þræða**

### **Markmið:**

Æfa fínhyfingar, samhæfing.

### **Efniviður:**

Teygjutvinni, nál, cheerios- hringir.

### **Aðferð:**

Börnin þræða teygjutvinnann upp á nál og þræða síðan cheerios-hringjana upp á.

### **Útfærsla:**

Tilvalið er að nota pastarör fyrir yngri börn þar sem stærra gat er á þeim.

Á vængjum hugarflugsins

## **Flotkraftur**

### **Markmið:**

Börnin kanna hvað flýtur og hvað sekkur.

### **Efniviður:**

Glært box, vatn, ýmiskonar verðlaus efniviður, korktappar, efnisbútar, tölur ofl.

### **Aðferð:**

Börnin setja vatn í boxið og gera tilraunir með hvað sekkur og hvað flýtur.

### **Útfærsla:**

Með eldri börnum er hægt að nota jógúrtdósir og þau gera gat á botninn og hliðarnar og athuga hvað breytist.

## **Blöndun**

### **Markmið:**

Að sjá/kanna hvernig efni skilja sig frá hvor öðru.

### **Efniviður:**

Skálar, sögrör, mjólk, uppvottalögur, matarlit og matarolía.

### **Aðferð:**

Fyrst er mjólk hellt í skál, síðan matarlitur og hrært með sögrörinu. Síðan er uppvottaleginum bætt við og athugað hvað gerist. Einnig er prufað að blanda saman mjólk og matarolíu ásamt matarlit og athugað hvað gerist.

### **Útfærsla:**

Prufa fleiri efni sem hægt er að nálgast í eldhúsinu svo sem sýróp ofl. Hugmyndaflug barnanna virkjað. Þau komi með tillögur og tilgátur.

## **Myndvarpi og blöndun lita**

### **Markmið:**

Kanna hvernig mismunandi efni blandast saman.

### **Efniviður:**

Myndvarpi, grunn glær skál, vatn, matarlitir, olía, tannstönglar, matarolía.

### **Aðferð:**

Vatn er sett í skálina og hún sett ofan á myndvarpann, fyrst settur t.d. gulur litur síðan rauður og blandað saman með tannstönglinum. Síðan er sett smá sletta af matarolíu út í og athugað hvað gerist.

### **Útfærsla:**

Hægt er að leika sér á ýmsan hátt með endurvarpið sem myndvarpinn setur á vegginn, setja hendurnar á hann, teikna eftir útlínum ofl.

## Sápukúlur

### Markmið:

Börnin kanna hvað gerist þegar blásið er ofan í sápuvátn; eiginleikar kannaðir.

### Efniviður:

Uppvöskunarlögur, sogrör, vatn, dósir, handklæði .

### Aðferð:

Börnin setja vatn og uppvöskunarlög í dósina, síðan er blásið og gerðar tilraunir með blásturinn.

### Útfærsla:

Eldri börn geta sjálf útbúið áhald til að blása sápuvátn með því að forma sveigjanlegan vör sem rafmagnsvör og notað til að blása sápuvátn, einnig er hægt að nota hárrúllur.

## Klippa

### Markmið:

Æfa litlar hendur að klippa.

### Efniviður:

Frekar stífur pappír, blýantur og barnaskæri.

### Aðferð:

Börnin teikna línur á pappírinn og klippa síðan eftir línunum.

### Útfærsla:

Einnig er hægt að klippa upp í pappírshólka og einnig er góð æfing fyrir yngri börn að klippa í trölladeig.

## Sköpun

### Markmið:

Sköpunargáfan og sköpunargleðin fái að njóta sín til hins ýtrasta.

### Efniviður:

Hvað eina sem fellur til svo sem eggjabakkar, dósir, rafmagnsvír, tölur, steinar, garn, þekjuliti fyrir leikskóla, vatnsliti ofl.

### Aðferð:

Hér ræður sköpunargleðin og hvert barn útfærir sitt verk eftir sínu höfði. Gott getur verið að gera ráð fyrir nokkrum stundum til að fullklára verkið.

### Útfærsla:

Tilvalið er að fara í vettvangsferð og börnin safni sjálf efniviði úr viðjum náttúrunnar og skapi sitt verk úr honum.

## Jarðleir

### Markmið:

Börnin fá að handleika leirinn, finna myktina og læri hugtök eins og kalt og heitt.

### Efniviður:

Jarðleir.

### Aðferð:

Börnin mykja upp leirinn, tilvalið að spjalla um hugtök eins og mjúkur, harður, blautur, þurr á meðan unnið er. Hvert barn mótar sinn leir eftir sínu höfði.

### Útfærsla:

Einnig er hægt með eldri börnum að útbúa færiband þ.e.a.s. hvert barn vinnur með sinn klumb. Eftir smá stund réttir barnið næsta barni sinn leir og síðan koll af kolli þangað til hringnum er lokað.

## Tónlist

### Hugleiðing

Tónlist er hluti af lífi okkar, allt umhverfi okkar er litað af heimi tónlistar svo sem í útvarpi, sjónvarpi, tölvum ofl. Við erum umlukin hljóðum t.d. ýmsum umhverfishljóðum; fuglasöng, vatnsnið og vindgnauð. Hver kannast ekki við það að hlusta á tónlist og hugsunarlaust er maður farinn að raula með eða dilla sér ?

Í leikskólum er oft mikið sungið og trallað en oft á tíðum fær tónlistin ekki að njóta sín sem skyldi. Líklega má rekja það til vanmáttar starfsfólks nú eða vanþekkingar. Innleiðing tónlistar í leikskólum þarf ekki að vera flókin, fyrst og fremst þarf starfsfólk að hlusta á börnin, nota opnar spurningar og leyfa sköpunargleðinni að njóta sín.

Hér má finna ýmsar leiðir til innleiðingar tónlistar í leikskólum gjarnan tengdar við leiki sem er jú leið barnsins til náms. Hrynjandi, söngur, hljóðgjafar, hljóð og hreyfing eru atriði sem farið verður inn á. Góð regla er að vera vel undirbúin fyrir stundirnar með börnunum en jafnframt vera tilbúin að breyta út af áætlun ef að svo ber undir. Tónlist ætti ekki eingöngu að iðka í skipulögðum stundum heldur að grípa tækifærið þegar það gefst t.d. í fataklefanum, við tiltekt, í vettvangsferðum o.s.frv.

Hugmyndir sem eru hér framfærðar eru úr hugar- og reynsluheimi höfundar ásamt að leitað var fanga í smiðju Sigríðar Pálmadóttur.



## **Hrynjandi**

### **Taktur**

#### **Markmið:**

Slá mismunandi takt.

#### **Efniviður:**

Enginn.

#### **Aðferð:**

Kennari slær takt, barn/börn líkja eftir. Barn/börn slær takt og hinir líkja eftir (Sigríður Pálmadóttir 2006:112).

#### **Útfærsla:**

Með eldri börnum er hægt að nota diktafón og taka upp hluta af stundinni, hlusta síðan aftur og slá taktinn með.

## **Taktur og trommur**

#### **Markmið:**

Slá taktinn á trommur.

#### **Efniviður:**

Trommur (dósir).

#### **Aðferð:**

Einn er valinn stjórnandi sem velur hraða taktsins, síðan fær hver og einn að velja sinn takt. Að lokum er spilað saman, tilvalið að humma með (Sigríður Pálmadóttir 2006:114).

#### **Útfærsla:**

Einnig er hægt að útfæra á þann hátt að einn spilar og hinir reyna að spila líkt og hann.

## **Söngur**

### **Upphitun**

#### **Markmið:**

Hita röddina áður en brostið er í söng.

#### **Efniviður:**

Enginn.

#### **Aðferð:**

Kennari geri ýmsar æfingar með börnunum svo sem að syngja ýmsa sérhljóða.

#### **Útfærsla:**

Með eldri börnum og þau börn sem oft hafa farið í slíka upphitun er tilvalið að biðja eitt þeirra sem treystir sér til að leiða upphitunina.

## **Sönghúsið**

#### **Markmið:**

Börnin heyri muninn á lágum og háum tónum.

#### **Efniviður:**

Enginn.

#### **Aðferð:**

Kennari geri sýnilegt fyrir börnum ímyndað sönghús en í því húsi er að finna kjallara, eldhús og háaloft. Börnin eru spurð hvernig kjallarinn hljómar, neðarlega á tónstiganum, háaloftið er efst í tónstiganum og eldhúsið er mitt á milli kjallara og háalofts í tónstiganum.

#### **Útfærsla:**

Þegar börnin hafa farið í sönghúsið nokkrum sinnum er t.d. hægt að láta söngröddina tjá það að börnin renni sér frá háaloftinu niður í eldhús eða kjallara. Þá byrjar röddinn hátt uppi og í einum samfeldum hljómi lækkar tónhæðin þangað til að ferðin endar í kjallaranum. Á sama hátt er hægt að ferðast frá kjallara alla leið upp á háaloft.

## Söngur og upptaka

### Markmið:

Börnin taka upp sína eigin söngrodd og hlusta, bera kennsl á söngraddir annarra.

### Efniviður:

Upptökutæki svo sem diktafónn.

### Aðferð:

Hvert barn syngur stutt lag eða tóna, síðan er upptakan spiluð og þau bera kennsl á sína rödd og raddir hinna barnanna.

### Útfærsla:

Einnig er hægt að spila undir á hljóðfæri þegar börnin hafa vanist því að taka röddina upp og bera kennsl á hana.

## Hljóðgjafar

### Óhefðbundnir hljóðgjafar

### Markmið:

Börnin kanni á sinn hátt mismunandi eiginleika ólíkra hljóðgjafa.

### Efniviður:

Plastdósir, steinar, skeljar, trjágreinar og annar verðlaus efniviður.

### Aðferð:

Hvert barn fær sinn hljóðgjafa, kannar hljóðið sem kemur. Gott að flétta inn hugtök svo sem sterkt/veikt, hratt/hægt, hátt/lágt, langt/stutt o.s.frv.

### Útfærsla:

Að börnin pari saman lík hljóð og greini á milli ólíkra hljóða.

## Hljóðgjafar

### Markmið:

Börnin kynnist hefðbundnum hljóðfærum, heiti þeirra og möguleikum.

### Efniviður:

Ásláttarhljóðfæri svo sem trommur, sílafóna, þríhorn, flautur ofl. sem til fellur og er í hljóðfærasafni leikskólans.

### Aðferð:

Börnin fá hvert sitt hljóðfæri, spila á það og eru beðin um að lýsa hljóminn sem hljóðfærið gefur frá sér er hann bjartur, djúpur, hvellur ?

### Útfærsla:

Einnig er hægt, sérstaklega með eldri börnum að biðja þau um að slá atkvæðafjöldann í nafninu sínu t.d. á trommuna, eða biðja börnin um að koma með tillögur að orðum til að slá atkvæðafjöldann.

## Hljóðfæragerð

### Markmið:

Börnin geri sín eigin hljóðfæri.

### Efniviður:

Málning, penslar, dósir, eldhúsrúlluhólkar, rör, dósir , baunir, hrísgrjón, sandur, salt, steinar ofl.

### Aðferð:

Börnin velja sér úr efniviðnum til að skapa sér sitt eigið hljóðfæri t.d. hristur, ásláttarhljóðfæri ofl.

### Útfærsla:

Þetta er hægt að útfæra á ýmsan máta og er ímyndunaraflið sterkur þáttur í þeirri þróun.

## **Hljóð**

### **Leitað að hljóðum**

#### **Markmið:**

Börnin leiti að hljóðum með virkri hlustun.

#### **Efniviður:**

Diktafónn, umhverfi umlukið hljóðum.

#### **Aðferð:**

Leitað er að hljóðum í umhverfinu og börnin velja sér hljóð sem þau vilja taka upp með diktafóninum.

#### **Útfærsla:**

Hægt er að vinna áfram með hljóðin sem voru tekin upp á diktafóninn t.d. með því að nefna hljóðið, finna álíka hljóð í umhverfinu.

## **Samstæð hljóð**

#### **Markmið:**

Að börnin pari saman sömu hljóðin.

#### **Efniviður:**

Filmubox (eða álíka ílát), hrísgrjón, baunir, bómull ofl.

#### **Aðferð:**

Kennari setur í tvo box sama hljóðgjafa og býr þannig til nokkur pör af hljóðgjöfum. Börnin reyna síðan að para saman hljóðin. Einnig tilvalið að hafa tvö box tóm.

#### **Útfærsla:**

Börnin finna sjálf efnivið t.d. í náttúrunni til að setja í boxin og finna sjálf út hversu mikið magn þarf í hvert box svo að sama hljóð heyrir.

## **Hreyfing**

### **Tónlist og hreyfing**

#### **Markmið:**

Börnin tengi hrynjandan í tónlistinni við eigin hreyfingar.

#### **Efniðviður:**

Mismunandi tónlist, hröð, hæg, veik og sterk. Ef vill slæður, gott gólfpláss.

#### **Aðferð:**

Tónlistin er spiluð og börnin túlka hana með dansi.

#### **Útfærsla:**

Einnig er hægt að bæta við tónlistina og nokkur börn spili einnig undir.

## **Leikræn tjáning**

### **Hugleiðing**

Strax í vöggju byrja börn að leika sér með hendur sínar og fætur. Eftir því sem barnið þroskast breytist leikurinn í einhliðaleik í samhliðaleik og að lokum byrja börn í hlutverkaleikjum sem oft er nefndur leikur leikjanna. Í öryggi leiksins er barnið öruggt og heimfærir reynslu sína í leikinn, prufar margskonar leiðir að sama markinu.

Leikræn tjáning er náskyld hlutverkaleiknum. Hún hefur margvísleg gildi fyrir barnið svo sem að losa um hömlur, stuðla að frjálsri tjáningu og samskiptum. Virkja skynfæri þeirra og örva sköpunargáfu þeirra.

Leikræn tjáning er hluti af okkar lífi en við gerum okkur ekki alltaf grein fyrir því, t.d. notum við óspart svipbrigði og/eða líkamstjáningu til að undirstrika eitthvað sem við erum að segja. En ef markvisst er unnið með leikræna tjáningu í leik og starfi í leikskólanum njóta ekki eingöngu börnin góðs af heldur nærast barnið sem býr innra með okkur öllum.

Þessum kafla er skipt upp í nokkra flokka eða upphitun, traust og samvinnu, látbragð, kveikju, framsögn og framkomu og slökun. Efni er fengið frá Jóhönnu Fjólu Ólafsdóttur, bókinni Bright Ideas og úr hugar/reynsluheimi höfundar.

## **Upphitun**

### **Upphaf**

#### **Markmið:**

Hita upp líkamann, söngróddina, marka upphaf stundar.

#### **Efniviður:**

Enginn.

#### **Aðferð:**

Setjast saman í hring, heilsast, bjóða góðann dag, syngja lag að eigin vali, frumsamið eða annað. Strjúka líkamshluta og nefna þá um leið.

#### **Útfærsla:**

Hér ræður ímyndunaraflið ríkjum, tilvalið að fá hugmyndir frá börnunum. Hægt er að búa til samloku, börnin sitja á gólfinu, setja ímyndaða brauðsneið á lærin og koma með tillögur um hvað eigi að setja á milli í samlokuna. Að lokum er brauð sett yfir, sett í grill (beygja sig yfir fótanna, grípa í tærnar) og grillað.

## **Minnisnafnaleikur**

### **Markmið:**

Börnin læri nöfn anarra barna.

### **Efniviður:**

Enginn.

### **Aðferð:**

Eitt barn byrjar á því að kynna sig með nafni og síðan tekur næsta barn við. Þegar þetta hefur gengið hringinn byrjar upphafsmaðurinn á því að segja nafn sitt ásamt því að kynna barnið sem situr á hægri hönd. Þannig gengur þetta allann hringinn (Fullford o.fl. 1993:11).

### **Útfærsla:**

Einnig er hægt að bæta við t.d. segja nafn sitt og uppáhaldsmat, nafn og heimilisfang o.s.frv.

## **Traust og samvinna**

### **Ganga og hlaupa**

### **Markmið:**

Stjórnun hreyfinga og traust.

### **Efniviður:**

Gott gólfpláss.

**Aðferð:**Börnin ganga fyrst um en varlega þannig að þau komi ekki hvert við annað. Þau eru síðan beðin um að auka aðeins hraðann og síðan enn meiri hraða. Síðan eru þau beðin um að hægja aftur á hraðanum. Þetta er hægt að endurtaka (Fullford o.fl. 1993:23).

### **Útfærsla:**

Með eldri börnum er hægt að láta þau ganga aftur á bak og auka hraðann og síðan minnka aftur. Einnig er hægt að prufa að loka augunum en muna að fara varlega.



## Hver ert þú ?

### Markmið:

Setja orð á tilfinningar, lýsa vini sínum, traust.

### Efniðviður:

Gott gólfpláss.

### Aðferð:

Börnin para sig tvö og tvö saman, þau fá það verkefni að tala saman og segja hvort öðru hvað því líkar við hvort annað. Síðan eru þau látin setjast á gólfið með bak í bak og annað barnið lýsir hinu, t.d. háralit, augnlit, fatnaði.

### Útfærsla:

Hægt væri að útfæra leikinn á þann hátt að barnið lýsi t.d. einhverju sem félagi þess er góður í, um að gera að fá börnin til að finna upp á nýjum útfærslum.

## Speglaleikur

### Markmið:

Efla samvinnu og traust.

### Efniðviður:

Gott gólfpláss, spýtur ef vill.

### Aðferð:

Börnin sitja á gólfinu eða standa, annar er stjórnandinn en hinn fylgir öllum hreyfingum. Hreyfingarnar geta verið að líkja eftir ýmsum athöfnum; greiða sér, þvo sér, burstu tennur, gretta sig, brosa, búa til stóra hringi, hreyfa sig upp og niður o.s.frv (Jóhanna Fjóla Ólafsdóttir 2006:28).

### Útfærsla:

Einnig er hægt að láta börnin standa tvö og tvö saman fyrir framan spegill og herma eftir stjórnandanum.

## **Látbragð**

### **Líkamstjáning**

#### **Markmið:**

Börnin noti líkamstjáningu, hreyfingu.

#### **Efniviður:**

Gott gólfpláss.

#### **Aðferð:**

Börnin fá mismunandi fyrirmæli frá kennara svo sem: Að ganga í ímyndaðu vatni sem nær upp að hnjám, standa á hálum steinum, fara yfir götu þar sem mikil umferð er, halda á mús sem er fótbrotin o.s.frv (Fullford o.fl. 1993:31).

#### **Útfærsla:**

Einnig er hægt að skipta börnunum upp í minni hópa og að þau fái fyrirmæli eða komi með uppástungu sjálf t.d. að læðast, skríða eða annað álíka. Þau sýni hinum börnunum látbragð sitt sem þau eiga að geta upp á hvað verið er að leika.

## **Hvað er í kassanum ?**

#### **Markmið:**

Virkja ímyndunaraflið, einbeitingu.

#### **Efniviður:**

Gott gólfpláss.

**Aðferð:** Kennari byrjar á því að mynda ímyndaðann kassa með höndunum, opnar kassann, tekur síðan eitthvað ímyndað upp úr honum t.d. loðna kisu, eiturslöngu en allavega þarf að sjást á líkamstjáningunni hvað viðkomandi er að taka upp úr kassanum. Börnin reyna síðan að geta upp á hvað var í kassanum. Þegar þau hafa giskað rétt eyðileggur kennarinn kassann, t.d. með því að hoppa ofaná kassanum, brjóta hann saman o.s.frv. Síðan gera börnin slíkt hið sama og kennarinn og opna sína ímyndaða kassa (Fullford o.fl. 1993:32).

**Útfærsla:** Eftir að allir hafa opnað sinn kassa er hægt að biðja börnin um að lýsa með orðum innihaldi síns kassa.

## Hvaða matur ?

### Markmið:

Svipbrigði og látbragð.

### Efnið:

Gott gólfpláss.

### Aðferð:

Hvert barn fær sitt hlutverk svo sem að þykjast borða heita kartöflu, ís, spaghetí, skera lauk, borða banana o.s.frv. Gott er til að byrja með að börnin leiki öll í einu. Þannig verður það auðveldara fyrir börn sem er ekki eins framfærin (Fullford o.fl. 1993:34).

**Útfærsla:** Þegar öll börnin hafa leikið sitt hlutverk er hægt að finna önnur hlutverk svo sem að negla með hamri, saga, mála, ryksuga o.fl. um að gera að fá börnin til að finna upp athafnir einnig. Einnig væri hægt að bjóða þeim sem vilja að leika einir fyrir framan hópinn ef að viðkomandi treystir sér til.

## Kveikjur

## Myndasaga

### Markmið:

Tengja myndir og orð saman í frásögn.

### Efnið:

Einfaldar myndir svo sem myndir af stelpu, stráki, húsi, bíl o.s.frv.

### Aðferð:

Hvert barn fær nokkrar myndir fer það eftir aldri barnsins hversu margar. Barnið fær síðan það hlutverk að búa til litla örsögu með myndirnar sem stuðning.

### Útfærsla:

Hægt er að gera framhaldsögu með því að næsta barn bætir við sögu barnsins sem var á undan.

## **Framsögn og framkoma**

### **Bara ein mínúta**

#### **Markmið:**

Börnin öðlist sjálfstraust til að standa upp og tala fyrir framan aðra.

#### **Efniðviður:**

Enginn

#### **Aðferð:**

Kennari lætur börnin vita að þau eigi að tala viðstöðulaust um eitthvað ákveðið efni í stuttan tíma, fyrst í stað tala allir í einu þannig að allir fái tækifæri að tala. Síðan þegar það er búið fær hvert barn tækifæri til að tala eitt og sér fyrir framan hópinn ef það vill (Fullford o.fl. 1993:18).

**Útfærsla:** Þegar búið er að fara nokkrum sinnum í þennan leik væri vel hægt að hugsa sér að börnin gætu útbúið sig aðeins fyrirfram, jafnvel teiknað mynd til að styðja mál sitt.

## **Tilbúningur**

#### **Markmið:**

Virkja ímyndunaraflið og frásögn.

#### **Efniðviður:**

Handklæði.

#### **Aðferð:**

Hvert barn fær handklæði og fær þau fyrirmæli um að búa til úr því eitthvað annað t.d. pils, dúkku, stýri o.s.frv (Jóhanna Fjóla Ólafsdóttir 2006:48).

#### **Útfærsla:**

Hægt er að útfæra þennan leik á marga vegu og ýmislegt annað hægt að nota en handklæði t.d. stól, blað eða eitthvað annað.

## **Kveikjur**

### **Markmið:**

Virkja ímyndunaraflið, látbragð og frásögn.

### **Efniðviður:**

Gott gólfpláss, bók, blað, blýantur og diktafónn ef vill.

### **Aðferð:**

Kennari les bók að eigin vali eða að óskum barnanna. Eftir lesturinn er spjallað um bókina, tilfinningar, atburðarrás o.s.frv. Loks biður kennarinn börnin eitt og eitt í senn að koma með sitt framlag í eigin sögu, eina tvær setningar og svo tekur næsta barn við og svo koll af kolli. Kennarinn skrifar niður söguna eða tekur upp og les aftur fyrir börnin.

### **Útfærsla:**

Einnig er hægt að myndskreyta söguna og bæta inn í. Til er í dæminu að börnin leiki söguna ef að þau lystir.

## **Slökun**

### **Spenna, slökun**

**Markmið:**Gera greinarmun á spennu og slökun.

**Efniðviður:**Dýnur, tónlist, gott gólfpláss.

**Aðferð:**Börnin leika snjókarla og snjókerlingar sem standa á víð og dreif út í garði. Það er kallt og hvasst. Snjókerlingarnar og karlarnir verða hörð sem ís. Skyndilega brýst sólin fram í gegnum skýin og sendir geisla sína á snjókerlingar og karla. Loftið verður hlýrra og snjókerlingar og karlar byrja að bráðna hægt og hægt, verða minni og minni og leka loks niður þar til þeir breytast í stóra polla. Börnin látin liggja smá stund hreyfingarlaus en simmsalabimm þá breytast pollarinnir í börnin sjálf sem liggja í dýnum og hvíla sig (Jóhanna Fjóra Ólafsdóttir 2006:30).

**Útfærsla:**Fá hugmyndir frá börnunum um hvernig hægt er að breyta leiknum.

## Líkaminn vill hvíla sig

**Markmið:**Börnin upplifi slökun.

**Efniviður:**Dýnur ef vill og gott gólfpláss.

**Aðferð:**Ágætt er að lesa eftirfarandi texta, mikilvægt er að lesa textann skýrt og hafa þögn á milli eftir hverja gjörð: Fæturnir eru búnir að ganga, hlaupa og hreyfa sig svo mikið að þeir eru orðnir þreyttir og vilja fá að hvíla sig. Hendurnar hafa líka unnið mikið við að taka upp hluti, færa þá til og frá og þær vilja fá að hvíla sig. Augun sem hafa skoðað mikið eru líka þreytt og vilja hvíla sig. Allur líkaminn vill hvíla sig og láta sér líða vel. Hér getur leiðbeinandinn bent börnunum á að velja sér eitthvað fallegt til að hugsa um. Eftir smá stund er líkaminn vakinn með því að hreyfa rólega hendur, tær o.s.frv (Jóhanna Fjóra Ólafsdóttir 2006:32).

### Útfærsla:

Eftir nokkur skipti væri tilvalið að biðja eitt barnið að stjórna.

## Kreppa og teygja

**Markmið:**

Börnin finni mun á spennu og slökun í líkamanum. Hentar bæði í upphitun sem og í lok stundar.

**Efniviður:**

Gott gólfpláss.

**Aðferð:**

Börnin liggja á gólfinu með gott pláss í kringum sig, þau eru beðin að teygja úr sér eins og þau geta og síðan eru þau beðin um og gera sig eins lítil og þau geta.

### Útfærsla:

Fá börnin til að koma með tillögur um fleiri aðferðir sem hægt væri að útfæra í þennan leik.

### Eyðblað í myndlist

Kennari:	Dagsetning:
Börn:	
Heiti:	
Markmið:	
Aðferð:	
Mat:	

### Eyðblað í tónlist

Kennari:	Dagsetning:
Börn:	
Heiti:	
Markmið:	
Aðferð:	
Mat:	

## Eyðublað í leikrænni tjáningu

Kennari:	Dagsetning:
Börn:	
Heiti:	
Markmið:	
Aðferð:	
Mat:	

## Lokaorð

Sumir, líkt og John Locke vildu meina að barnið væri við fæðingu líkt og autt blað eða Tabula rasa. Hvort sem er unnið eftir hugmyndafræði Locke eða ekki er hlutverk kennara í leikskólum gríðarlega mikilvægt þar sem flest börn dvelja þar meginhluta dagsins.

Hlutverk kennara í leikskóla er fyrst og fremst að skapa aðstæður og efnivið svo að sköpunargáfa barna fái að blómstra og dafna. Kennarar ættu að nota opnar spurningar, vera móttækilegir fyrir breytingum og grípa augnablikið. Skráning í starfi er einnig til góðs en með henni er hægt að fylgjast með þroska og þróun barna í starfi og leik.

Beislum ekki ímyndunaraflið, leyfum því að flöggra um og dafna og sköpunargáfa barnanna sem og kennara mun blómstra sem aldrei fyrr.



## Heimildaskrá

Fulford, Jane, Merryn Hutchings, Alistair Ross og Helen Schimitz. 1993. *Bright Ideas*. Scholastic Publications Ltd, Villiers House, Warwickshire.

Jóhanna Fjóra Ólafsdóttir. 2006. *Leikir og tjáning*. Útgefið af höfundi.

Sigríður Pálmadóttir. 2006. *Börn og tónlist*. Útgefið af höfundi.